

Ed.

407. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd., flutt þar af þm. Mgr. (P. P.). Í greinargerð fyrir frv. er sagt, að landskiftalögin frá 1913 hafi við framkvæmd reynst ófyllnægjandi í sumum atriðum og ekki fyllilega náð tilgangi.

Landbúnaðarnefnd hefir nú athugað breytingar þær, er frv. þetta gerir á lögunum frá 1913, sem og ástæður þær, er fyrir þeim hafa verið færðar, og komist að þeirri niðurstöðu, að breytingarnar sjeu til bóta, og leggur því til, að hv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1927.

Einar Jónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrif. og frsm.

Jónas Kristjánsson.